

Ed. **353. Frumvarp til laga** [163. mál]

um breyting á lögum nr. 120 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. febr.)

1. gr.

37. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af segulbandstækjum og segulböndum fyrir sjónskert fólk svo og af stöfum, úrum og öðrum öryggis- og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa sjón- og heyrnarskertra. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd heimildarákvæðis þessa í samráði við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sé um tæki fyrir heyrnarskerta að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.